

Jóladagatal Flatar 2021

1. desember

Það eru 27 epli á borði. 26 þeirra eru nákvæmlega jafnþung en 1 epli er léttara. Eina verkfærið sem þú hefur er skálarvog sem sýnir jafnvægi.

Hvað þarftu að vigta oft til þess að finna léttu eplið og hvernig ferðu að því?



2. desember


Finndu næstu tvær tölur í talnaröðinni
3600, 1800, 600, 150, _____, _____

3. desember

Stebbi á kanínur og páfagauka. Sameiginlega eru höfuðin 15 og fætunnir 50. Hvað á Stebbi margar kanínur og hvað á hann marga páfagauka?

4. desember

Færðu 4 eldspýtur til að fá 2 stærri og 8 minni ferninga



5. desember

Þrjár jólasveinar borða 5 epli á dag. Hvað þarf þá mörg epli fyrir 32 jólasveina?

6. desember

Systkynin sjö á Brekku ákváðu að gefa pabba sínum Jólarós. Þar sem börnin eru misgömul og misefnuð lögðu þau mismikið til. Engin tvö barnanna lögðu til sömu upphæð. Hvert barnanna gaf að minnsta kosti 100 krónur og ekkert barnanna gaf meira en 1100 krónur, enginn gaf 700 krónur. Rósin kostaði 3300 krónur. Hversu mikið gáfu börnin hvert og eitt? Upphæðirnar voru í hundruðum.

7. desember

Hvaða jólabolli fyllist fyrstur?




8. desember

Hvaða tala kemur næst?

2 - 3 - 5 - 7 - 11 - 13 - _____

9. desember

Færðu 2 eldspýtur til að fá 4 jafnhliða þríhyrninga



10. desember

Í ferningslaga herbergi á að raða 10 stólum þannig að jafn margir séu við hvern vegg. Hvernig er hægt að raða stólunum?

11. desember

Sigga eyðir helming af því sem Kristín gerir í jólagjafir þetta árið og Lóa eyðir 3 sinnum meira en Sigga gerir. Samanlagt eyða þær 720 krónum.

Hversu miklu eyðir hver þeirra í jólagjafir?

12. desember

Hversu margir ferningar eru á myndinni?



13. desember


Hversu margar jólakúlur átti Hrafnhildur? Hún gaf Þórunni helminginn og síðan gefur hún Kristínu helminginn af því sem eftir er. Þá á hún 6 eftir.

14. desember

Óli og Jói fæddust báðir 25. desember. Þegar Óli var 6 ára var Jói helmingi yngri. Þegar Óli verður 100 ára hversu gamall verður Jói þá?

15. desember

Jóladagur er 25. desember. Uppáhaldstala jólasveinsins er 25. Settur tölurnar frá 3—11 inn í ferningana. Samanlögð summa talnanna í ferning ætti að vera 25. Það er búið að setja inn 3, 4 og 6 fyrir þig.



16. desember

Boltar skoppa misvel. Ef boltanum hans Sveinka er sleppt í ákveðinni hæð skoppar hann hálfa leiðina upp aftur. Sveinki fór upp í háan turn. Hann ákvað þar að henda boltanum niður til Stúfs. Boltinn skoppaði og skoppaði áður en Stúfur náði honum. Þegar boltinn snerti jörðina í 5. sinn hafði hann farið samtals 368 fet. Í Englandi er gjarnan talað um fet frekar en metra. Hversu há var turninn í fetum?

17. desember

Í húsi einu eru 13 dýr. Bæði kettir og fuglar. Ef það eru 3 fleiri fulgar en kettir hversu mörg dýr eru af hvorri tegund?

18. desember

Hvaða tala er á bak við hvert tákn á myndinni?



19. desember

Hvaða tala er næst í röðinni?

2—5—11—23—47—95—_____

20. desember

Ef þú margfaldar með þessari tölu muntu alltaf fá sama svarið. Hver er talan?

21. desember

Í fjölskyldu einni eru sjö systur og hver systir á einn bróður. Fjölskyldan á tíu manna bíl. eru sætin í bílnum nægjanlega mörg fyrir alla í fjölskyldunni, bæði foreldra og börn?

22. desember

Hvað voru margir gestir í jólaboði ef ein skál af baunum var fyrir hverja tvo gesti, ein skál af grænmeti fyrir hverja þrjá gesti og ein skál af kjöti fyrir hverja fjóra gesti? Í jólaboðinu voru notaðar 65 skálar samtals.

23. desember

Jólatréð er hlaðið jólakúlum í fjórum mismunandi litum. Það vantar að seta númer á sumar kúlurnar. Hver litaröð hefur númer frá 1—7 og í hverri lá-rétrí röð má hver tala einungis koma fyrir einu sinni.



24. desember

Á jólamarkaði er hægt að kaupa heitt kakó og köku fyrir 180 krónur. Bolli af heitu kakói kostar 100 krónum meira en kaka. Hversu mikið kostar bolli af kakói og hversu mikið kostar kakan?